



## Fundargerð

**435. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 15:00 mánudaginn 2. september 2019. Þetta er 8. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra og er 6 blaðsíður.  
Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.  
Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, að við málefnnaskrá bætist;

### II. Málefni til umfjöllunar

Liður 9. 1906012 Gatnagerðargjöld falli út vegna umfjöllunar um sama málefni í lið nr. 5 í 150. fundargerð skipulagsnefndar.

### III. Fundargerðir til kynningar

8. Fundargerð 2. fundar vinnuhóps um deiliskipulag í Eldhrauni, dags. 30.08.2019
9. Fundargerð 75. fundar svæðisráðs vestursvæðis, dags. 23.07.2019

Dagskrárbreyting samþykkt.

### Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

Sveitarstjóri sat upplýsingafund með atvinnu- og kynningarfulltrúa um miðjan ágúst þar sem farið var yfir þau verkefni sem eru í vinnslu ásamt því sem er framundan. Tveir stjórnarfundir hafa verið haldnir hjá Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum en undirbúningur stendur yfir vegna vinnufundar samtakanna sem haldinn verður í Vestmannaeyjum 17. september nk. 16. ágúst var SASS stjórnarfundur á Selfossi. Oddviti sat kynningarfund heilbrigðisráðherra um heilbrigðisstefnu sem haldinn var á Selfossi. Þann 19. ágúst sl. var fundur með Vegamálstjóra þar sem sveitarstjórn gafst kostur á að fara yfir stöðu samgönguinnviða í sveitarféluginu og nauðsynlegar úrbætur. Á þann fund mætti einnig Ólafur Guðmundsson sem vinnur að öryggisúttekt fyrir sveitarfélagið og kynnti helstu niðurstöður úttektarinnar. Fyrsti fundur samráðshóps um skógrækt og landgræðslu hefur verið haldinn þar sem tilgangur og markmið verkefnisins voru skilgreind og er frekari greiningarvinna farin af stað. Næsti fundur hópsins verður haldinn 1. október. 20. ágúst sótti oddviti Köllu Jarðvangs stjórnarfund á Hvolsvelli. Sveitarstjóri hélt kynningu á sveitarféluginu og helstu áskorunum fyrir hóp opinberra starfsmanna frá Lettlandi sem var í för með Háskólaþelagi Suðurlands vegna samstarfsverkefnisins Smart city solutions in urban development. Sveitarstjóri og skipulags- og byggingarfulltrúi áttu fund með forstjóra Íslenska gámafelagsins á Selfossi vegna viðræðna um framlengingu sorphirðusamnings. Stjórnarfundur var haldinn í Bergrisanum bs. Mannauðsstjóri mætti í sína fyrstu heimsókn og hefur kynnt sig fyrir öllum forstöðumönnum ásamt flestum starfsmönnum. Viðveruáætlun mannaúðsstjóra verður gerð aðgengileg öllum starfsmönnum fljótlega. Fundur var haldinn í endurskoðunarnar nefnd aðalskipulags þar sem farið var í tengingu heimsmarkmiðanna við aðalskipulagið. Oddviti mætti ásamt fulltrúum Skaftárhrepps á fyrsta fund vinnuhóps um sameiginlegt svæðisskipulag á Suðurhálendi. Framundan er aukalandshing Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 6. september, aðalfundur Hulu bs. 24. september, fundur starfshóps um heimavist FSu með skólanefnd FSu 12. september og fjármálaráðstefna sveitarfélaga 3. – 4. október. 5. september mun oddviti flytja erindi á fundi um 4. iðnbyltinguna sem haldinn verður á Selfossi og 7. september mun oddviti halda erindi á fundi í Hofi á Akureyri um innleiðingu heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna í lítio sveitarfélag eins og Skaftárhrepp.



## I. Fundargerðir til samþykktar

1. 1807011 Fundargerð 165. fundar fræðslunefndar, dags. 29.08.2019

### KI. 17.30 – Kirkjubæjarskóli á Síðu.

#### 1. Skóladagatal

Vegna seinkunnar skólasetningar um 3 daga var gerð lítilsháttar breyting á skóladagatali þar sem foreldraviðtöl verða eftir skóla 2 daga og skólaslit verða eftir hefðbundinn skóladag og þar með nást 180 kennsludagar.

Fræðslunefnd staðfestir skóladagatalið með áorðnum breytingum.

*Sveitarstjórн staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

#### 5. Meðmæli með undanþágu reglugerðar um merki á skólabifreiðum nr. 279/1989, með áorðnum breytingum.

Fræðslunefnd staðfestir meðmælin.

*Sveitarstjórн staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

#### 6. Skólaakstur

2 sóttu um starf skólabílstjóra í Álfaver og Skaftártungu og var Páll Símon Oddsteinsson ráðinn.

*Sveitarstjórн staðfestir ráðninguna og felur sveitarstjórna að undirrita samning til eins árs við Pál Símon Oddsteinsson.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórн.*

2. 1801006 Fundargerð 150. fundar skipulagsnefndar, dags. 30.08.2019

### 3. Hæðargarður – Lóð H8. Ósk um stækkuin lóðar.

Magnús Þorfinnsson kt. 191238-2509 óskar eftir að lóð H8 verði stækkuð skv. meðfylgjandi uppdrætti.

*„Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna fyrir sitt leiti en leitað verði álits Skipulagsstofnumar hvort breyta þurfi aðalskipulagi.“*

*Sveitarstjórн staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

### 4. 1901003 – Systrakaffi – byggingarleyfisumsókn

Systrakaffi ehf. kt.530201-2010 sækir um byggingarleyfi fyrir 115,2 m<sup>2</sup> viðbyggingu skv. meðfylgjandi teikningum.

*„Skipulagsnefnd samþykkir byggingarleyfið með fyrirvara um samþykki meðeigenda.“*

*Sveitarstjórн staðfestir afgreiðslu nefndarinnar. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að óska eftir því við lóðarhafa að lagt verði fram deiliskipulag fyrir lóðina Klausturvegur 13 sem fyrst sem uppfyllir þarfir í samræmi við starfsemi hússins.*

JB JMK BNG  
JK



## 5. 1906012/1705004 Gjaldskrá vegna skipulags- og byggingarmála í Skaftárhreppi

Skipulags- og byggingarfulltrúi leggur fram endurskoðaða gjaldskrá vegna skipulags- og byggingarmála og gatnagerðargjalda í Skaftárhreppi.

„Skipulagsnefnd leggur til eftirfarandi breytingau í gjaldskránni:

Gr. 1.1 Leyfi fyrir niðurrifi húsa færist í 30.000,- gjaldflokk, pr. lögþýli óháð fjölda.

Að öðru leiti vísar skipulagsnefnd gjaldskránni til umfjöllunar og afgreiðslu sveitarstjórnar“

Sveitarstjórn beinir því til skipulagsnefndar að leggja fram tillögur að undanþágum frá gatnagerðargjöldum í gjaldskrá vegna skipulags- og byggingarmála á næsta fundi. Gatnagerðargjöld verða ekki innheimt fyrr en ný gjaldskrá hefur tekið gildi. Sveitarstjórn staðfestir að öðru leyti afgreiðslu nefndarinnar og vísar gjaldskránni til síðari umræðu.

## 6. 1902014 Húsnaðisáætlun Skaftárhrepps 2019

Skipulags- og byggingarfulltrúi leggur fram endurskoðaða Húsnaðisáætlun Skaftárhrepps 2019 með athugasemdum Íbúðarlánasjóðs.

„Skipulagsnefnd fór yfir athugasemdir Íbúðaláanasjóðs og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að fullvinna áætlunina að þeim athugasemdum meðtöldum.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

## 7. 1908008 Holt 2, L163366 – Umsókn um skráningu nýrrar landeignar.

Rarik ohf, kt. 520269-2669 fh. landeiganda, Ríkisjóðs Íslands, sækir um leyfi til að stofna lóð fyrir litla spennistöð.

„Skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leiti leyfið en beinir því til leyfisumsækjanda að leita álits Umhverfisstofnunar vegna nálægðar við friðlýst svæði Álfavarsgigja.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar en ítrekar að samráð skuli haft við Umhverfisstofnun vegna málsins.

## 8. 1908014 Ljótastaðir, L163403 – Umsókn um skráningu nýrrar landeignar.

Heiða Guðný Ásgeirs dóttir, kt. 260478-4279 sækir um leyfi til að stofna lóð fyrir íbúðarhús.

Bergur Guðnason víkur af fundi vegna vanhæfis við afgreiðslu þessa liðs.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

## 9. 1908016 Flaga 2 – Umsókn um skipulagsmál. – Deiliskipulag.

Jóna Lísa Gísladóttir kt. 110363-3389, sækir um gerð deiliskipulags fyrir 1,4ha landspíldu L176602. Þessir reitur V4 merktur sem verslun og þjónusta á aðalskipulagi

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að auglýsa deiliskipulagstillögnum“

JB

AH/BP

XG

ÞVG



# Skaftárhreppur

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

## 10. 1908017 Sléttaból – Erindi um leiðrétti á hnitasetningu lóðar.

Öryggisfjarskipti ehf. kt. 641106-1430 fh. landeiganda, Ríkisjóðs Íslands, sækir um leiðrétti á hnitasetningu lóðar, L221644. Á lóðinni stendur fjarskiptahús.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

## II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1905010 Beiðni um umsögn vegna umsóknar Hrafnshóls ehf. um rekstrarleyfi í Hrífunesi, fnr. 234-1452, 234-1453, 234-1456, í flokki II íbúðir. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 15.04.2019  
*Afgreiðslu umsóknar var frestað í mai sl. þar sem beðið var eftir breytingu á deiliskipulagi sem var í auglýsingi. Deiliskipulagið hefur nú verið samþykkt. Skipulags- og byggingarfulltrúi og slökkviliðsstjóri gerðu athugasemd um að lausn yrði fundin til að tryggja slökkvivatn fyrir svæðið fyrir 1. desember nk. Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir afgreiðslu Skipulags- og byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra. Að öðru leyti gerir sveitarstjórn ekki athugasemd við veitingu leyfisins með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.*
2. 1908006 Beiðni um umsögn vegna umsóknar Magmahótel ehf. um rekstrarleyfi í Tungu fnr. 221-6391 mhl. 09 0101 í flokki II. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 16.08.2019  
*EBH, KG, JBJ og AH gera ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. BG situr hjá við afgreiðslu málsins vegna aðkomu sinnar sem slökkviliðsstjóri á síðari stigum.*
3. 1908015 Beiðni um umsögn vegna umsóknar Gunnars Jónssonar um tækifærисleyfi 14. - 15. september í félagsheimilinu Tunguseli. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 28.08.2019.  
*EBH, KG, JBJ og AH gera ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. BG situr hjá við afgreiðslu málsins vegna aðkomu sinnar sem slökkviliðsstjóri á síðari stigum.*
4. 1908009 Aðalfundur Hulu bs.  
*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra Söndru Brá Jóhannsdóttur að sitja sem fulltrúi Skaftárhrepps á aðalfundinum og Evu Björk Harðardóttur til vara.*
5. 1908010 Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands  
*Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands verður haldinn á Hótel Geysi 24. október nk. Sveitarstjórn tilnefnir Katrínú Gunnarsdóttur, Arndísi Harðardóttur og Bjarka Guðnason sem aðalmenn og Jónu Björk Jónsdóttur, Evu Björk Harðardóttur og Söndru Brá Jóhannsdóttur til vara.*



6. 1908011 Aðalfundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga  
*Aðalfundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga verður haldinn á Hótel Geysi 24. og 25. október nk. Sveitarstjórn tilnefnir Katrínu Gunnarsdóttur, Arndísi Harðardóttur og Bjarka Guðnason sem aðalmenn og Jómu Björk Jónsdóttur, Evu Björk Harðardóttur og Söndru Brá Jóhannsdóttur til vara.*
7. 1809002 Tilboð á úttekt vegna varmadælu  
*Fyrir fundinum liggur minnisblað sveitarstjóra vegna tilboða í úttekt á varmadælukerfi í íþróttahúsi. Sveitarstjórn hlaut styrk ír Orkusjóði haustið 2018 að upphæð 500.000,- til að láta framkvæma slika úttekt með það að markmiði að bæta nýtingu kerfisins og fá tillögur þar um ásamt áætluðum kostnaði á endurbótum. Tilboð voru fengin frá tveimur aðilum. Tilboð ReSource ehf. hljóðaði uppá 394.000,- án kostnaðarmetinna tillagna um aðgerðir. Tilboð frá Verkís með kostnaðarmetnum tillögum um aðgerðir hljóðar uppá 798.960,-. Sveitarstjóri leggur til að tilboði frá Verkís verði tekið þar sem það svarar betur þörfum sveitarfélagsins og mótframlag Skaftárhrepps verði tekið af lið 3110-4390. Sveitarstjórn samþykkir að tilboði frá Verkís verði tekið.*
8. 1906016 Mál nr.206/2019 Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga  
*Sveitarstjórn Skaftárhrepps telur mikilvægt að leitað verði leiða til að styrkja sveitarstjórnarstigið m.a. með sameiningum sveitarfélaga. En bendir á mikilvægi þess að það sé gert á forsendum sveitarfélaganna sjálfra og íbúa þeirra. Í tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga er gert ráð fyrir að lágmarksíbúafjöldi verði 1000 árið 2026 og telur sveitarstjórn mikilvægt að sveitarfélög nýti þann tíma vel til samstarfs og samráðs.*
9. 1908012 Tilnefning í forvarnarteymi Félags- og skólapjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.  
*Sveitarstjórn fagnar því að komið verði á forvarnarteymi og tilnefnir Unni Einarsdóttur Blandon fyrir sína hönd og Fanneyju Ólöfu Lárusdóttur til vara.*
10. 1908013 Erindi til sveitarstjórnar Skaftárhrepps vegna sorpmála. Hörður Davíðsson, Sigurður Vigfús Gústafsson, Böðvar Pétursson, Gústaf B. Pálsson, Jón Hrafn Karlsson, dags. 27.08.2019  
*Sveitarstjórn Skaftárhrepps þakkar frumkvæðið og sýndan áhuga á málaflokknum. Sveitarstjóra falið að boða hópinn á fund með sveitarstjórn.*
- III. Fundargerðir til kynningar**
1. Fundargerð 3. fundar Skógasafns, dags. 04.02. 2019. *Fundargerð kynnt.*
  2. Fundargerð 8. fundar stjórnar Bergrisans bs., dags. 26.08.2019. *Fundargerð kynnt.*
  3. Fundargerð 198. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, dags. 20.08.2019. *Fundargerð kynnt.*
  4. Fundargerð 68. fundar Félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs., dags. 20.08.2019. *Fundargerð kynnt.*
  5. Fundargerð 548. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 21.06.2019. *Fundargerð kynnt.*
  6. Fundargerð 1. upplýsingafundar atvinnu- og kynningarfulltrúa, dags. 15.07.2019. *Fundargerð kynnt.*
  7. Fundargerð 47. fundar stjórnar SSKS, dags. 27.08.2019. *Fundargerð kymnt.*
  8. Fundargerð 2. fundar vinnuhóps um deiliskipulag í Eldhrauni, dags. 30.08.2019. *Fundargerð kynnt.*



# Skaftárhreppur

9. Fundargerð 75. fundar svæðisráðs vestursvæðis, dags. 23.07.2019. *Fundargerð kynnt.*

## IV. Annað kynningarefni

1. Drög að stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum – til umsagnar. *Kynnt.*
2. Umsögn um lokadrög stefnu ráðherra í úrgangsmálum. Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 23.8.2019. *Kynnt.*
3. Drög að fyrirmynd að gjaldskrá byggingarfulltrúa – til umsagnar. Starfshópur á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. júlí 2019. *Kynnt.*
4. Heimavistarmál – bréf til sveitarstjórna. Skólapjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 20.08.2019. *Kynnt.*
5. Jafnlaunavottun. Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 15.07.2019. *Kynnt.*
6. Minnispunktar af fundi sveitarstjórna með Vegamálastjóra dags. 19.08.2019. *Kynnt.*
7. Niðurstöður átakshóps um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði. Íbúðalánasjóður, dags. 19.01.2019. *Kynnt.*
8. Svæðisskipulag Suðurhálendis – forathugun. Efla. *Kynnt.*
9. Afrit af erindi til Heiðu Guðnýjar Ásgeirs dóttur: Skipunartími allra svæðisráða framlengdur. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, dags. 15.08.2019. *Kynnt.*
10. Afrit af erindi til Resort ehf.: Tilkynning um fyrirhugaða niðurfellingu Hátúnsvagar (0289-01) að bænum Hátún af vegaskrá. Vegagerðin, dags. 20.08.2019. *Kynnt.*


Fundargerð lesin upp og samþykkt.


Næsti fundur sveitarstjórna áætlaður 10. október 2019


Fundi slitið kl. 17:30

  
Eva Björk Harðardóttir

  
Bjarki Guðnason

  
Katrín Gunnarsdóttir

  
Jóna Björk Jónsdóttir

  
Arndís Harðardóttir